

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051  
Netfang: [nel@nel.is](mailto:nel@nel.is)

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2021  
Mál nr. 365 á 151. löggjafarþingi.

### **Umsögn nefndar um eftirlit með lögreglu með frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum, lögum um dómstóla, lögum um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði (eftirlit með lögreglu, lögregluráð o.fl.).**

Nefnd um eftirlit með lögreglu vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 26. janúar 2021 og þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögreglulögum o.fl.,

Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu samkvæmt núgildandi lögum nr. 90/1996 og reglum nr. 222/2017, felst í stuttu máli í því að taka við erindum sem henni berast, greina þau og senda þau áfram til viðeigandi embætta til úrvinnslu. Nefndin getur einnig vísað málum frá ef þau falla ekki undir verkefni nefndarinnar eða komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé tilefni til að aðhafast frekar í máli á grundvelli gagna frá viðkomandi embætti og kvartanda. Nefndin fylgist með því að mál fái úrvinnslu hjá öðrum stjórnvöldum, sem eru fyrst og fremst handhafar ákærvalds og/eða innan viðeigandi lögregluembættis. Þegar máli er lokið og niðurstaða liggur fyrir getur nefndin sent frá sér álit eða tilmæli sem eru þó ekki bindandi að lögum. Nefndin hefur engar rannsóknarheimildir en hefur þó víðtækar heimildir til að afla gagna frá handhöfum ákærvalds og lögregluembættum landsins og er þeim skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum, sbr. 5. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Málum sem falla undir verksvið nefndarinnar má skipta í fjóra flokka:

1. Mál sem varða mögulega eða ætlaða refsiverða háttsemi lögreglumanna.
2. Mál þar sem lögreglumenn hafa mögulega sýnt af sér ámælisverða háttsemi án þess að hún teljist refsiverð.
3. Mál þar sem einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort mögulega sé um að ræða refsiverða eða ámælisverða háttsemi af hálfu lögreglunnar.
4. Mál sem varða verklag, starfshætti eða aðbúnað lögreglu í víðara samhengi, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Ef nefndin ákveður að senda mál til meðferðar hjá handhöfum ákærvalds og/eða lögreglustjórum landsins þá getur sá tími sem nefndin fylgist með hverju máli fyrir sig verið umtalsvert langur og breytilegur eftir embættum og eðli málanna. En alla jafna skulu

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051  
Netfang: [nel@nel.is](mailto:nel@nel.is)

embættin tilkynna nefndinni um niðurstöður sínar innan þriggja mánaða skv. 35. gr. b. laga nr. 90/1996, sbr. 8. gr. reglna nr. 222/2017, um nefnd um eftirlit með lögreglu. Það er þó að frátöldum héraðssaksóknara og ríkissaksóknara en þeir skulu taka ákvörðun um rannsókn innan mánaðar frá því að þeim berast ákvörðun nefndarinnar.

Ljóst er að umfang nefndarinnar er umtalsvert meira en lagt var upp með árið 2017 þegar henni var fyrst komið á laggirnar. Árið 2017 barst nefndinni 81. mál. Árið 2018 voru málin 100 og árið 2019 voru málin 102. Árið 2020 barst nefndinni 103 kvartanir frá borgurum og löggæslu/ákærvaldi og hefur nefndin hafið 12 athuganir að eigin frumkvæði árið 2020 en það er meira en hvert ár frá stofnun nefndarinnar. Alls eru 19 frumkvæðismál til skoðunar hjá nefndinni til viðbótar við innkomin mál. Teknar voru 89 ákvarðanir á 19 fundum nefndarinnar árið 2020. Árið 2020 voru 210 mál enn til meðferðar og rúmlega 30 þeirra átti nefndin eftir að taka til greiningar eða beið eftir gögnum frá viðeigandi embætti. Nefndinni hefur reynt erfitt að halda málsmeðferðartíma innan þeirra tímamarka sem henni eru sett og hefur málsmeðferðartími mála, frá því að kvörtun berst þar til ákvörðun er tekin, verið í kringum 180 daga alla jafna. Lang mestur tími fer í gagnaöflun sem nefndin óskar eftir gögnum frá löggæslu- og ákærvaldi vegna þeirra mála sem henni berast og er þeirra óskað innan 2 vikna frá dagsetningu gagnabeiðnar.

### **Athugasemdir við 8. gr.**

Í ársskýrslum nefndar um eftirlit með lögreglu síðustu þrjú ár hefur verið bent á að nefndinni séu ákveðnar skorður settar er varðar valdheimildir, meðal annars hefur nefndin samkvæmt núgildandi lögum engar sjálfstæðar rannsóknarheimildir og getur ekki beitt lögreglumenn viðurlögum vegna brota í starfi, né lagt slíkt til við lögreglustjóra sem þeirra yfirmenn. Hlutverk nefndarinnar hefur verið einskorðað við að koma kvörtunum/kærum í viðeigandi farveg og eftir atvikum koma með athugasemdir við afgreiðslu og meðferð mála. Nefndin hefur þó heimildir til þess að beina tilmælum til lögreglustjóra um breytingu á verklagi eða gert tillögur um aðrar aðgerðir en þær sem afgreiðsla embættanna greinir frá um. Þrátt fyrir að slík tilmæli séu ekki bindandi fyrir móttakanda þeirra þá eru til dæmi um að lögreglustjórar hafi í kjölfar þeirra tilmæla breytt verklagi og jafnvel sett verkalagsreglur.

Nefndin bendir á að hingað til hefur núgildandi 5. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, ekki dugað til að embættin átti sig á þeirri skyldu sem á þeim hvílir samkvæmt lögum til að afhenda þau gögn sem nefndin þarf til að sinna starfsskyldum sínum. En líkt og að framan greinir fer mikill tími í gagnaöflun frá lögregluembættunum. Því þyrfti að mati nefndarinnar að kveða skýrt á um þá skyldu eða ef það séu einhverjar undantekningar þar á. En nokkur ágreiningur hefur verið til staðar um skylduna til að afhenda nefndinni þau gögn sem beið er um. Það eru þó ekki öll embætti að afhenda gögn innan tilsettra tímafresta né eru embætti að fylgja eftir þeim tímafrestum sem þeim er gefinn til að afgreiða mál sem þeim er send til meðferðar af hálfu nefndarinnar. Í nokkrum tilvikum hefur sama embættið borið fyrir sig að það samræmist ekki rannsóknarhagsmunum að afhenda nefndinni gögn sem varpa ljósi á starfsaðferðir eða háttsemi lögreglu við afskipti af kvartanda Þá er að finna dæmi þar sem nefndin hefur ítrekað gagnabeiðnir í rúmlega ár þar til gögn að endingu berast nefndinni. Hefur það tafið meðferð mála svo um munar og umfram það sem góðu hófi gegnir.

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051  
Netfang: [nel@nel.is](mailto:nel@nel.is)

Nefndin hefur bent ráðuneytinu á að þörf sé á að skoða hvort hægt sé að veita nefndinni einhver úrræði til þess að tryggja að gögn/niðurstöður berist innan tilsettra tímafresta í lögum og reglum. Hvort sem það sé með takmörkuðum aðgangi að upplýsingakerfum lögreglu, LÖKE og þá er hægt að óska eftir frekari gögnum frá embættunum sé þess þörf fyrir frekari skoðun nefndarinnar líkt og upptökur úr búkmyndavélum o.þ.h. sem ekki væri hægt að nálgast í gegnum LÖKE, líkt og upptökur o.þ.h.

Dómsmálaráðherra hefur haft gott samráð við nefndina í undirbúningsvinnu þessa frumvarps og þess ákvæðis sem kveður á um breytingar á hlutverki nefndarinnar. Nefndin gerði athugasemdir við og kallað eftir auknum heimildum til að aðhafast með ítarlegri og víðtækari hætti en núverandi heimildir að lögum nr. 90/1996 og reglur nr. 222/2017 gera ráð fyrir. Nefndin kom að sínum tillögum um eflingu eftirlits með störfum og starfsháttum lögreglu með minnisblaði til ráðuneytisins auk minnisblaðs um þóknun nefndarmanna og umfang starfseminnar, dags. 3. júlí 2020.

Nefndin telur að í meginatriðum hafi þeim tillögum sem lagðar voru þar fram, verið mætt og þær orðið að því frumvarpi sem umsögn þessi snýr að. Að framangreindu virtu þá telur nefndin að þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á ákvæðum 35. gr. a. laga nr. 90/1996, vera skref í rétta átt og felur í sér mikla bót fyrir starfsemi og skilvirkni nefndarinnar og fagnar þeim breytingum sem lagðar eru fram.

Þá er nefndin tilbúin að koma fyrir allsherjar- og menntamálanefnd og svara spurningum sé þess óskað.

f.h. nefndar um eftirlit með lögreglu,



Hafdis Hrönn Hafsteinsdóttir